

**1038. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 12. nóvember
2018 og hófst hann kl. 08:05.**

Fundinn sátu:

Arna Lára Jónsdóttir aðalmaður, Daníel Jakobsson formaður og Marzellíus Sveinbjörnsson varaformaður.

Embættismenn:

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari og Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Dagskrá:

1. Engi, leiga á húsnæði til ArtsIceland. - 2017020022

Kynntur tölvupóstur Elísabetar Gunnarsdóttur f.h. Arts Iceland, dagsettur 9. nóvember sl., vegna leigu eða kaupa á Engi, Seljalandsvegi 102.

Kynnt á fundi bæjarráðs.

Gestir

Elísabet Gunnarsdóttir, f.h. ArtsIceland - 08:05

Elísabet yfirgefur fundinn kl. 08:23.

2. Kauptilboð í fasteignina Engi, Seljalandsveg 102. - 2015030069

Kynnt tilboð, dagsett 31. október 2018, í fasteignina Seljalandsveg 102.

Kynnt á fundi bæjarráðs.

3. Vetrarþjónusta á Ingjaldssandi - 2017120067

Lagt fram bréf Búnaðarfélagsins Bjarma, dagsett 6. nóvember sl., þar sem óskað er eftir áframhaldandi framlagi til vetrarþjónustu við Ingjaldssand.

Bæjarráð vísar málinu til fjárhagsáætlunar 2019.

4. Framtíðarskipulag útivistarsvæðis í Skutulsfirði - 2017030089

Tillaga frá umhverfis- og framkvæmdanefnd um skipulag útivistarsvæðis í Tungu- og Seljalandsdal.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu 72. fundar umhverfis- og framkvæmdanefndar frá 9. október sl. með þeim viðbótum að sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs tilnefni einn aðila í starfshópinn. Tillagan verðu því svo

hljóðandi:

„Bæjarráð leggur til að skipaður verði starfshópur um skipulag útivistarsvæða í Tungudal, Dagverðardal og Seljalandsdal. Starfshópin skipi formaður umhverfis- og framkvæmdanefndar, byggingarfulltrúi, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og aðili tilnefndur af sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs.“

5. Framtíð og rekstur Edinborgarhússins - 2017100071

Lagt fram bréf Jóns Sigurpálssonar, Gísla Jóns Hjaltasonar, Inga Björns Guðnasonar og Matthildar Helgadóttur Jónudóttur, f.h. Edinborgarhússins, dagsett 5. október sl., vegna rekstrar Edinborgarhússins.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur bærarstjóra að óska eftir fundi með menntamálaráðherra.

6. Málefni hverfisráða - bætt íbúalýðræði - 2017010043

Kynntar eru tillögur Þórdísar Sifjar Sigurðardóttur, bæjarritara að fyrstu skrefum í átt að bættara íbúalýðræði, sem settar eru fram í minnisblaði dags. 9. nóvember sl.

Bæjarráð felur bærarstjóra að gera tillögu að hlutverki tengiliðs við hverfisráðin. Bæjarráð felur bærarstjóra enn fremur að gera breytingar á erindisbréfi bæjarráðs vegna meðferða íbúalýðræðismála í stjórnslu Ísafjarðarbæjar.

7. Íbúasamtök Hnífsdals - tillögur um framtíð Bakkaskjól - 2017010043

Lagður fram tölvupóstur Dagnýjar Finnbjörnsdóttur, f.h. Íbúasamtaka Hnífsdals, dagsettur 24. september sl., þar sem tilkynnt er að samþykkt hafi verið á aðalfundi hverfisráðsins að skipa þriggja manna nefnd um málefni Bakkavegar 19 (Bakkaskjól). Með póstinum fylgir bréf nefndarmanna, dagsett 12. september sl., með tillögum um framtíð hússins, og óskað er eftir viðræðum við bæjarráð um málið.

Bæjarráð fagnar frumkvæði íbúanna og felur bærarstjóra að ræða við fulltrúa þeirra um tillögur þeirra um framtíð Bakkavegs 19.

8. Uppbyggingasamningar við íþróttafélög 2017-2018 - 2017020028

Umræður um uppbyggingarsamning við hestamannafélagið Hendingu.

Bæjarráð felur bærarstjóra að ræða við forsvarsmenn Hendingar á grundvelli umræðna á fundinum.

9. Gamanmyndahátíð Flateyrar - 2018100040

Kynntur tölvupóstur Eypórs Jónssonar, dagsettur 9. október sl., vegna fjárhags Gamanmyndahátíðar Flateyrar. Óskað er eftir langtímasamningi um stuðning við hátíðina.

Bæjarráð vísar erindinu til vinnslu í atvinnu- og menningarmálanefnd. Enn fremur er bréfitara bent á að leita til Uppbyggingasjóðs Vestfjarða.

10. Ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga - 2018110022

Lagt fram bréf Guðna Geirs Einarssonar og Gústavs Arons Gústavssonar f.h. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dagsett 1. nóvember sl., þar sem kynnt er að ný reglugerð um Jöfnunarsjóð er nú til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda.

Lagt fram til kynningar.

11. Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í húsnæðismálum - 2018020003

Lagður fram tölvupóstur Hildar Edwald f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 8. nóvember sl., þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í húsnæðismálum, 5. mál. Umsagnarfrestur er til 29. nóvember nk.

Lagt fram til kynningar.

12. Umhverfishing 2018 - 2018110013

Lagður fram tölvupóstur Þorbjargar Auðar Ævarr Sveinsdóttur, f.h. umhverfis- og auðlindaráðuneytis, dagsettur 30. október sl., þar sem boðað er til ellefta umhverfishinga, sem haldið verður 9. nóvember nk.

Lagt fram til kynningar.

13. Fjárhagsáætlun 2019 - 2018030083

Kynnt eru drög að fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar og stofnana hans vegna ársins 2019 ásamt drögum að greinargerð.

Umræður fóru fram um drög að fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar og stofnana hans voru rædd. Fyrri umræður um fjárhagsáætlun fara fram á næsta bæjarstjórnarfund.

Gestir

Edda María Hagalín, fjármálastjóri - 09:30

14. Fjárhagsáætlun 2019 - gjaldskrár - 2018030083

Kynntar tillögur að gjaldskrár Ísafjarðarbæjar 2019 ásamt minnisblaði Hálfdáns Bjarka Hálfdánssonar upplýsingafulltrúa þar sem lýst er breytingum sem lagðar eru til.

Lagt fram til kynningar. Gjaldskrár fara til fyrri umræðu á næsta bæjarstjórnarfund.

Edda María yfirgefur fundinn kl. 10:23.

15. Íþrótt- og tómstundanefnd - 189 - 1811004F

Fundargerð 189. fundar íþrótt- og tómstundanefnar sem haldinn var 7.

nóvember sl. Fundargerðin er í 3 liðum.

Lagt fram til kynningar.

- 15.2 2018110009 - Beiðni um samþykki Ísafjarðarbæjar vegna umsóknar HSV um unglingalandsmóts UMFÍ árið 2021

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að samþykki að HSV sækir um unglingalandsmót UMFÍ árið 2021.

16. Skipulags- og mannvirkjanefnd - 508 - 1810030F

Fundargerð 508. fundar skipulags- og mannvirkjanefndar sem haldinn var 7. nóvember sl. Fundargerðin er í 8 liðum.

Lagt fram til kynningar.

- 16.3 2018100085 - Góuholt 13 - lóðaleigusamningur

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðaleigusamnings.

- 16.4 2018030042 - Rómarstígur 5, ósk um lóðaleigusamning.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðaleigusamnings.

- 16.5 2018030041 - Rómarstígur 3, ósk um lóðaleigusamning

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila útgáfu lóðaleigusamnings.

- 16.6 2018110003 - Seljalandsvegur 84a -stækkun lóðar

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila stækkun lóðar skv. lóðablaði frá Tæknideild Ísafjarðarbæjar.

17. Umhverfis- og framkvæmdanefnd - 74 - 1811002F

Fundargerð 74. fundar umhverfis- og framkvæmdanefndar, sem haldinn var 6. nóvember sl. Fundargerðin er í 4 liðum.

Lagt fram til kynningar.

18. Velferðarnefnd - 433 - 1811003F

Fundargerð 433. fundar velferðarnefndar sem haldinn var 5. nóvember sl.
Fundargerðin er í 3 liðum.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:23

Arna Lára Jónsdóttir

Daníel Jakobsson

Marzellíus Sveinbjörnsson

Þórdís Sif Sigurðardóttir

Guðmundur Gunnarsson